

2014



Námskrá leikskólans Efstahjalla

Efnisyfirlit

Skólanámskrá leikskólans Efstahjalla	3
Leiðarljós leikskóla.....	3
Hugmyndafræði Efstahjalla	5
Leikur	6
Félagsfærni	7
Hreyfing	7
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	8
Leikur og nám	9
Námsumhverfi	10
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	10
Læsi og samskipti.....	11
Heilbrigði og vellíðan	12
Sjálfbærni og vísindi	13
Umhverfissáttmáli Efstahjalla.....	13
Sköpun og menning.....	14
Mat á leikskólastarfi	14
Mat á námi og velferð barna	15
Innra mat í leikskóla	15
Ytra mat í leikskóla	15
Fjölskyldan og leikskólinn	15
Tengsl skólastiga.....	16
Starfsáætlun	16

Skólanámskrá leikskólans Efstahjalla

Á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla, ásamt aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs mótar hver leikskóli í bæjarfélaginu sína skólanámskrá. Tilgangur skólanámskrárinnar er: að skipuleggja nám og uppeldi barnanna, stuðla að skilvirkara leikskólastarfi og gera það sýnilegra. Í þessu riti er fjallað um þau gildi sem starf leikskólans Efstahjalla byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af.

Leiðarljós leikskóla


Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra leitast kennarar skólans við að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara skólans, þar sem velferð og hagur barnanna er leiðarljós í öllu starfi. Kennarar sýna börnum virðingu og hlusta á þau, hvort sem er á þarfir þeirra, orð eða tilfinningar og hlúir þannig að sjálfsvirðingu þeirra.

Í leikskólanum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.

Starfshættir leikskóla mótask af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.



Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.

Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru : Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.

Hugmyndafræði Efstahjalla

Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Í Efstahjalla störfum við eftir kenningu John Dewey um uppgötvunarnám en hann taldi að börn ættu að læra af eigin virkni og áhuga og lagði því höfuðáherslu á að virkja athafnaþörf þeirra. Dewey leggur áherslu á að vinnuferlið sé lærdómsríkara en útkoman, þekkingin mótist ekki af lausninni sjálfri heldur því sem gerist við að leita hennar.



Við horfum líka til Reggio Emilia á Ítalíu þar sem frumkvöðullinn Loris Malaguzzi lagði áherslu á að allur fjársjóður heimsins byggi í hversdagsleikanum. Galdurinn felst í að gefa sér tækifæri til að uppgötva, sjá og skynja. Það er ekkert svo ómerkilegt að ekki taki því að skoða það nánar. Uppeldisstarfið í Reggio beinist að því að þroska öll skilningarvit,

örva börnin til að nota forvitni, ímyndunarafli, sköpunargleði, skynjun og hugsun til að uppgötva heiminn og sjálfan sig á virkan hátt með öllum skilningarvitum.



Kenningar Berit Bae um viðurkennandi samskipti eru okkur fyrirmynd, það að samskipti byggist á hlustun og að allir hafi rétt til eigin upplifana, hugsana og tilfinninga. Kennurum ber að skoða sín eigin samskipti hvað er sagt og ekki síður hvernig.

Við höfum í huga að börn læra það sem fyrir þeim er haft, kennarinn þarf sjálfur að upplifa ánægjuna af samskiptum og því að skynja, skoða og skapa.

Með þetta að leiðarljósi nálgumst við markmið skólans, að byggja upp einstaklinga sem eru:

- Glaðir og sjálfsöruggir
- Hafa trú á eigin getu
- Þróa með sér vináttu, hjálpssemi og ábyrgðarkennd
- Bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Einkunnarorð Efstahjalla eru:

- Leikur
- Félagsfærni
- Hreyfing

Leikur

Í Efstahjalla gefum við leiknum góðan tíma bæði úti og inni enda er hann meginnámsleið barnanna.

Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Leikurinn virkjar sköpunarkraft þeirra og löngun til að læra og afla sér þekkingar, því börn eru sérfræðingar í eigin upplifun.

Allt skipulag og búnaður í leikskólanum stuðlar að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni og gleði og að efla sjálfstæði þeirra.

Mikilvægt er að leikskólakennarar séu vakandi fyrir áhuga barnanna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinni markvisst með það sem þau eru að fást við hverju sinni.



Félagsfærni

Í Efstahjalla leggjum við áherslu á að efla félagsfærni í öllu okkar starfi.

Með félagsfærni stuðlum við að því að börnin beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér vináttu og samkennd og öðlist þannig sterkari sjálfsmynd.




Bæði í frjálsu og skipulögðu starfi gefast góð tækifæri til að læra félagsleg samskipti. Í skipulögðu starfi, felst að börnin fara m.a. í hópavinnu og hreyfistundir, auk þess taka eldri börnin þátt í Bassastundum sem er m.a. kennsluefni í félagsfærni. Frjálsa leiknum er gefinn góður og samfelldur tími þar sem kennarinn er til staðar.

Félagsfærni er mikilvægur þáttur í mannlegum samskiptum, dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu.

Hreyfing

Í Efstahjalla leggjum við áherslu á að virða hreyfiþörf barnanna þau fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst bæði innan dyra og utan.



Hreyfing eykur gleði, snerpu, styrk, þol, liðleika og samhæfingu sem stuðlar að líkamlegri og andlíðan vellíðan.

Útivist er einhver mikilvægasta leikstund barna og okkar útileiksvæði býður upp á fjölbreytta hreyfingu.

Við leggjum áherslu á gönguferðir og kennari stjórnar hreyfistundum í sal.

Með þessu leggjum við grunn að því að börnin tileinki sér lífsvenjur sem fela í sér daglega hreyfingu til framtíðar.

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskóli er vettvangur þar sem lögð er áhersla á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í Efstahjalla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börnin beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barnanna er eflt og styrkt, til að gera þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

Við stuðlum að því að börnin fái tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt.

Í Efstahjalla er starfað samkvæmt skóla án aðgreiningar, sem er menntastefna, byggð á hugmyndum um manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti. Skóli án aðgreiningar er hugsaður sem ferli sem samþættir almennt skólastarf og sérkennslu með það að markmiði að öll börn séu virkir þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Leikskólar Kópavogs starfa eftir [Jafnréttisstefnu Kópavogs](#) þar sem meðal annars kemur fram að stuðla skuli að jafnrétti á sem víðtækustum grunni einnig er fjallað um jafnrétti í sameiginlegum hluta [Aðalnámskrár](#) fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla.

Einelti er ekki liðið í leikskólum kópavogs og hefur bæjarfélagið mótað áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti. [Eineltisstefna Kópavogs](#)



Leikur og nám

Á bernskuárunum er leikurinn í allri sinni fjölbreytni, ríkjandi athöfn barnanna og mikilvægasta náms- og þroskaleið þeirra. Börnin njóta leiks í ríkum mæli og þau tjá oft dýpstu kenndir sínar í leik.

Í leik læra börn margt sem enginn getur kennt þeim, í honum felst því mikið sjálfsnám.

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,
- gefa leik nægan og samfelldan tíma,
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.



Námsumhverfi

Námsumhverfi leikskólans tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn.

Í leikskólanum eru fimm deildir: Undraland og Hálsaskógur þar eru yngstu börnin, Ólátagarður er miðdeild, Kattholt og Sjónarhóll þar eru tveir elstu árgangarnir.

Lóðin er stór og umleikur húsið á þrjá vegu. Hún býður uppá mikla möguleika í leik m.a. til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu. Stutt er í skemmtileg og fjölbreytt útivistarsvæði. Fossvogsdalur og Kópavogsdalur eru sitthvoru megin við okkur og ekki langt í Víghólinn en þar er opið svæði með miklu útsýni.

Börn kanna og skynja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla,



flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni sem

vekur forvitni og ýtir undir ímyndunarafli þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra njóti sín.

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og í daglegu starfi innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Í öllu daglegu starfi leikskólans fer fram nám.

Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans þau eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla.

Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti, börnin læra að setja sig í spor annarra og rætt er um tilfinningar og líðan.

Kjarninn í uppeldisstarfinu er leikurinn í allri sinni fjölbreytni og allar stundir dagsins eru notaðar til málörvunar gegnum leik og umönnun. Sjónrænt dagskipulag er á öllum deildum til að auðvelda börnunum að lesa í umhverfið, ásamt því að nota tákni með tali. Söng- og sögustundir eru daglega þar sem skilningur á málinu vex og orðaforðinn eykst. Börnin læra lög og þulur sem tengjast viðfangsefnum líðandi stundar.



Bassi er hluti af kennsluefni sem fjórar handbrúður fylgja. Námsefnið eflir félagslegann, tilfinningalegan, vitrænan, málfarslegan þroska barnanna gegnum leik og söng.



Í samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist.

Markmið með hópavinnu er að börnin læri að starfa í hóp, litlum eða stórum, að sameiginlegu markmiði. Börn, sem eru saman í hóp kynnast og læra að treysta hvert öðru, það er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska, verkefni eru miðuð við hvern aldurshóp. Unnið er að ákveðnu viðfangsefni á fjölbreytilegan hátt í lengri eða skemmri tíma.

Á hverju ári er unnið með ákveðið grunnþema:

- Yngri börnin vinna með „Ég sjálfur/sjálf og fjölskyldan“.
- Eldri börnin vinna með „Ég sjálfur/sjálf, fjölskyldan og samfélagið“.

Börnin læra að nota öll skilningarvit og ýmsar vinnuaðferðir við að nálgast viðfangsefnið. Börnin fá ríkuleg tækifæri til að njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.

Tónlist er í hávegum höfð, mikið sungið, hlustað, leikið með takt og hljómfall orða og tóna.

Kennarar spyrja börnin opinna spurninga og setja orð á hluti og atburði. Þannig kynnast börnin tungumálinu á fjölbreyttan hátt.

Sjálfsprottinn leikur fær að njóta sín og börnin efla félagsþroska, samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í leiknum. Hugmyndir og uppgötvanir eru ræddar og kennarar og börn deila reynslu sinni og þekkingu

Heilbrigði og vellíðan

Daglegar venjur gefa uppeldisstarfinu reglubundið form sem skapar öryggi og festu í lífi barnanna. Vellíðan byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu. Umhyggja skipar stóran sess í starfinu og mikilvægt að starfsfólk myndi góð og náin tengsl við börnin. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd.



Hreyfing er mikilvæg fyrir alhliða þroska og stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfiþörf barnanna er virt og örvuð og þau læra að þekkja og skynja líkama sinn. Eldri börnin fara tvisvar í viku í leikfimi í salnum en yngri börnin einu sinni. Að öðru leyti fléttast hreyfing inn í daglegt

starf. Útivera er á hverjum degi og þar gefast ótal tækifæri til náms. Börnin læra að klæða sig eftir veðri og átta sig á eigin getu.

Farið er í gönguferðir sem meðal annars tengast hópavinnu og náttúruskoðun.

Öll börn í leikskólanum fara í hvíldarstund eftir hádegismat, sum sofa, önnur hlusta á sögu og/eða rólega tónlist. Í leikskólanum læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Við leitumst við að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Hvetjum þau til að beita öllum skilningarvitum til að upplifa og njóta fjölbreytileika náttúrunnar.

Börnin læra að flokka og endurnýta ýmisskonar efnivið.

Stöðuhugtök og rými er kannað með eigin líkama í fyrstu sem síðan þróast í meðvitaðar rannsóknir barnanna á umhverfi sínu. Í leikskólanum sköpum við aðstæður svo börnin fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir: Eiginleikum ýmissa efna og hluta, möguleikum og takmörkunum tækninnar og stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Kennarar ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Hvetja þau til vísindalegrar hugsunar, aðstoða þau við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Umhverfissáttmáli Efstahjalla

Verndun náttúrunnar er mikilvæg, því við eigum bara eina jörð og verðum að ganga vel um hana. Við viljum sýna gott fordæmi og kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni og náttúruvernd.

Börnin fái að kynna náttúrunni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sýnum.

Þannig læra börnin smátt og smátt að ganga vel um og nýta betur það sem við höfum og að ganga ekki á höfuðstól náttúrunnar.

Markmið:

Að kunna að njóta náttúrunnar.

Að bera virðingu fyrir umhverfi sínu inn og úti.

Að efla útinám með áherslu á umhverfismennt.

Að flokkun og endurvinnsla verði sjálfsagður hlutur í leikskólanum.

Að nota endurnýtanlegan efnivið.

Að umhverfismennt verði sett inn í allt starf leikskólans.

Leikskólinn Efstihjalli er Grænánaskóli og starfar eftir [Umhverfisstefnu Kópavogs](#)

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Skapandi starf er ríkur þáttur í starfi okkar og unnið er með fjölbreyttan efnivið, svo sem ýmislegt úr náttúrunni og endurnýtanlegt efni.

Við hvetjum börnin til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Lögð er áhersla á að börnin geti tjáð sig frjálst og sköpunargleðin fái að njóta sín með efnivið sem ekki kallar á fyrirfram gefnar lausnir. Frjáls leikur, söngur og dans með tóngjafa af ýmsu tagi er meðal annars hluti af daglegu starfi. Í leikskólanum hafa skapast hefðir í tengslum við hátíðir og menningarviðburði sem við höldum í heiðri ár hvert.

Við leggjum áherslu á að börnin fái tækifæri til að njóta fjölbreyttrar menningar og lista, bæði innan skólans og utan.



Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Mat á námi og velferð barna

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem þau fást við og hafa áhuga á. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat er því einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn, veita því námstækifæri og stuðning við hæfi svo þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Innra mat í leikskóla

Matið byggir á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Í leikskólum er ákveðinn kvarði notaður við mat á innra starfi. Hann tekur til allra þátta í leikskólastarfinu. Hann er lagður fyrir starfsmenn annað hvert ár. Einnig eru sérstakir listar til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks. Könnun á stjórnnum og faglegu starfi í leikskólanum er gerð á þriggja ára fresti.

Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans, þeir fá könnunina senda rafrænt. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Börnin meta starfið árlega. Misjafnt er hvaða aðferð er notuð og hvaða árgangar taka þátt hverju sinni. Þegar leikskólastarfið er metið með börnum er það gert með samtali einnig með myndum, táknum eða teikningum.

Niðurstöður innra mats og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvers annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.

Lög um leikskóla frá júní 2008 kveða á um að kjósa skuli foreldraráð við hvern leikskóla sem í sitja að minnsta kosti þrjú foreldrar og leikskólastjóri. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar. Ráðið fylgist með framkvæmd skólanámskrár.

Foreldrafélag er starfandi hér við leikskólann. Tveir fulltrúar foreldra af hverri deild og einn fulltrúi starfsmanna mynda stjórn félagsins.

Tengsl skólastiga

Samstarf er á milli Efstahjalla og Álfhólsskóla. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Foreldrum er skylt að veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna þeirra. Þeir eiga rétt á upplýsingum sem leikskólinn hefur og þeim gögnum sem fylgja börnunum á milli skólastiga. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal sérkennslustjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim.

Í starfsáætlun Efstahjalla og Álfhólsskóla koma fram fastir þættir sem eru í samstarfi þeirra á milli. Fundir og kynningar á milli skólastiga dreifast yfir veturinn og er samstarfið miðað við elstu börn leikskólans.

Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð er umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana.

[Starfsáætlun Efstahjalla](#)

Útgefið 15. október 2014